

Ágæta sveitarstjórn

Við undirrituð, bændur sunnan Hólmavíkur, viljum fá skýr svör frá sveitarstjórn vegna ákvörðunar þeirra um niðurfellingu á fjallskilum bænda í Stóra-Fjarðarhorni um 400 fjár eins árs og eldri á síðasta sveitarstjórnarfundi sem haldinn var 12.08.2025.

Samkvæmt fjallskilaseðli Strandabyggðar skulu fjáreigendur inna af hendi 1 dagsverk fyrir hverjar byrjaðar 25 kindur (ær og hrútar) samkvæmt fjártolum síðustu forðagæsluskýrslu. Fyrir 400 fjár gerir það 16 dagsverk.

Að halda 400 fjár eldri en eins árs og lömbum innan girðingar frá sauðburði og fram á haust krefst töluberðs landrýmis, bæði með tilliti til beitarálags og smitálags er varða sjúkdóma og snýkjudýr. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum frá Landi og skógi þarf ær með lömb á góðri sumarbeit að lágmarki 0,5 ha undir sig. Fyrir 400 ær auk lamba við vor-, sumar- og haustbeit má, skv. Landi og skógi, fastlega gera ráð fyrir að þurfi 1,5 – 2 ha fyrir hverja á, þetta gera 600-800 ha að lágmarki fyrir 400 ær og lömb. Hefur sveitarstjórn eða einhver á vegum sveitarfélagsins farið að Stóra-Fjarðarhorni og athugað hvort svo stór fjárheld girðing sé til staðar og hvort fé sé innan þessarar girðingar? Þá má einnig benda á að í Stóra-Fjarðarhorni eru líka nautgripir á beit og því þarf aukalega að gera ráð fyrir töluberðum beitarþunga og álagi á jarðveg vegna þeirra.

Nú setja fæstir bændur fullorðna hrúta á fjall en þeir teljast þó allir með skv. forðagæsluskýrslu. Auk þess eru menn stundum með einhverjar lambær heima að sumri af ýmsum ástæðum. Ættu þá ekki allir að fá niðurfellingu á fjallskilum vegna þeirra? Misjafnt eftir bæjum hversu margir gripir þetta eru en það geta hæglega verið 1-2 dagsverk sem bændur myndu „spara sér þar“, en hafa þó ekki talið það eftir sér heldur sinnt sínum skyldum.

Í Strandabyggð eru nokkrar bújarðir þar sem búskapur hefur lagst af og hefur það lengi sem við munum verið svo að þeir sem eiga féð smali löndin og þeir sem eiga jarðir en ekki sauðfé hafa ekki þurft að inna dagsverk af hendi við smölnun. Þar sem fjárbændum hefur fækkað, stækka leitarsvæði annarra bænda augljóslega á móti. Ef bændur fara að fá niðurfellingu á fjallskilum í stórum stil, hverjur eiga þá að smala löndin? Þurfa þá aðrir bændur að taka sig til og smala þeirra fé? Eiga landeigendur að taka sig til og smala sín lönd eða skaffa menn til þess, ellegar þurfa greiða sekt í fjallskilasjóð/sveitarsjóð eins og þekkist í mörgum öðrum sveitarfélögum?

Telur sveitarstjórn það forsvaranlegt að þeir sem eiga fé geti fengið niðurfellingu á fjallskilum fyrir um helming þess fjár sem þeir eiga, án þess að það sé svo mikið sem sannreynt að fjárheldar girðingar, nægt landrými og fullnægjandi beit sé til staðar? Finnst sveitarstjórn það eðlilegt að aðrir bændur þurfi þá að inna fleiri dagsverk af hendi svo landið sé smalað jafnvel þó svo að þeir eigi ekki fjárvon þar? Við vitum það öll að til þess að það smalist vel þarf tölувert skipulag og mannskap í góðri línu til þess að smalist vel yfir hóla og hæðir.

Við vonumst til þess að þið takið þetta til athugunar og endurskoðið afstöðu ykkar til þessa máls.

Signíður G. Jónsdóttir

Hördís Karlardóttir, Büfræðingur, BSc Bivisindum, Dýralæknir

Gunnar Sigurðarson Büfræðingur oft.

Nicole Uysich, BSc Bivisindi, Lyfjataður

Barbara Ósk Guðbjartsdóttir

Vilmar Jóhannesson

Gunnar Þor Guðmundsson

Karl F. Björkesson

Ragnar Kristinn Brageson Büfræðingur

Fröða H. Jónsdóttir

Björn Æ. Pásson

Hadda Borg Björnsdóttir, Büfræðingur

Birkir Þór Stélaðssur Büfræðingur

Sigridur Dísfa Þórhildsdóttir Büfræðingur-sefstræðingur
gjötungum

Nellhor Þóð

Hornsteinsson Þorður Büfræðingur

Jón Björn Guðbjartsdóttir